

Landsnet hf.  
Gylfaflöt 9,  
112 Reykjavík.

## FRAMKVÆMDALEYFI

Sveitarstjórn Fljótsdalshrepps samþykkti á fundi þann 2. maí 2019 ,að undangenginni afgreiðslu Byggingar- og skipulagsnefndar Fljótsdalshrepps þann 30. apríl 2019, umsókn Landsnets hf. dags. 11. júlí 2017 um framkvæmdaleyfi í samræmi við 13.-15. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 til framkvæmda við Kröfulínú 3 innan sveitarfélagsmarka Fljótsdalshrepps eins og þeim framkvæmdum er lýst í umsókninni og fylgigögnum hennar, þ.m.t. uppráttum og teikningum af mannvirkjum og línuleið, með þeim mótvægisadgerðum sem lýst er í þeim gögnum og með eftirfarandi skilyrðum:

1. Landsnet skal græða upp land í Fljótsdalshreppi sem að lágmarki nemur landstærð þeiri af grónu landi sem raskast við framkvæmdir í sveitarfélaginu. Haft skal samráð við Umhverfisstofnun, Landgræðsluna, Fljótsdalshrepp og landeigendur um staðsetningu uppræðslu og gróðurgerð.
2. Landsnet skal endurheimta votlendi í Fljótsdalshreppi sem nemur að lágmarki þeiri landstærð sem fer undir mannvirkni Kröflulínú 3 á votlendissvæðum á Fljótsdalsheiði sem njóta sérstakrar verndar. Haft skal samráð við Umhverfisstofnun, Landgræðsluna, Fljótsdalshrepp og landeigendur um staðsetningu og aðferðir við endurheimt votlendis.
3. Landsnet skal vakta áflug fugla á rafmagnslínur á Fljótsdalsheiði. Haft skal samráð við Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands um fyrikomulag vöktunar og skulu niðurstöður vöktunar jafnframt kynntar sömu aðilum.
4. Landsnet skal haga framkvæmdum með þeim hætti eins og frekast er unnt að rústir við rætur Norðurdals sem eru í nálægð við framkvæmdasvæði spillist ekki. Sé ekki unnt að komast með öllu hjá því skal Landsnet hafa samráð við Minjastofnun Íslands, Fljótsdalshrepp og landeigendur um frágang og skráningu.
5. Heimild Landsnets til efnistöku úr nýjum efnisnánum er að hámarki 67.000 rúmmetrar. Nýta skal efnisnámurnar með skipulegum hætti þannig að nýting verði sem best og tryggja góða umgengni í þeim og við þær. Að framkvæmdum loknum skal gengið frá nánum þannig að rask verði ekki sýnilegt nema í skamman tíma og frágangur efnistökusvæða falli sem best að landslagsheild og lögð verði áhersla á að svarðarlag verði endurnytt eins og kostur er. Haft skal samráð við Umhverfisstofnun, Landgræðsluna, Fljótsdalshrepp og landeigendur um frágang efnisnáma.

Um forsendur og grundvöll ákvörðunar sveitarstjórnar um útgáfu framkvæmdaleyfisins vísast til meðfylgjandi greinargerðar sem telst hluti leyfisins.

Um gjaldtöku fyrir framkvæmdaleyfi þetta fer samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps í samræmi við 4. gr. samþykktar Fljótsdalshrepps um framkvæmdaleyfisgjald o.fl. nr. 820/2016 sbr. og 13. gr. reglugerðar nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi. Framkvæmdaleyfið tekur gildi þegar leyfisgjald hefur verið greitt.

Fljótsdalshreppi, 3. maí 2019

  
Gunnþórunn Ingólfssdóttir oddviti

ODDVITI  
Fljótsdalshrepps